

# BOGFIMI - ÍÐORÐASAFN

*Heiti og hugtök sem notuð eru í bogfimiúþróttum á  
ensku og íslensku*

Drög 8. mars 2020

# BOGFIMI - ÍÐORÐASAFN

*Heiti og hugtök sem notuð eru í bogfimiíþróttum*

## INNGANGUR

Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) hefur lýst yfir áhuga á því að koma upp íðorðasafni um íþróttir. Ætlun ÍSÍ er að samræma orðanotkun um svipuð hugtök í ólíkum íþróttum. ÍSÍ nýtur stuðnings Málræktarsjóðs Íslands við þetta verk. ÍSÍ hefur leitað til sérsambanda eftir aðstoð við þetta verk. Stjórn Bogfimisambands Íslands lýst vel á þessa fyrirætlun ÍSÍ og vill gera sitt til þess að styðja við þetta verkefni.

Á eftirfarandi síðum eru að finna fyrstu drög að íðorðasafni fyrir heiti og hugtök sem notuð eru í bogfimiíþróttum. Íðorðasafnið er aðallega byggt á eftirfarandi heimildum. Vörulista – Hugalls ehf. frá mars 2013. En Hugall rak bogfimiverslun um tíma og lagði mikinn metnað í að hafa vörulista sinn með bogfimivörum allan á íslensku. Lárus Jón Guðmundsson gerði þennan vörulista og íslenskaði hann mörg af þeim orðum sem eru á listanum. Þegar bogfimiverslunin í Bogfimisetrinu hóf störf byggði hún á þessari vinnu Lárusar. Til viðbótar er byggt á “Glossary of Archery Terms” sem tekið var saman af Soar Valley Archers<sup>1</sup> bogfimifélaginu í Bretlandi og svipuðu orðasafni sem er að finna á Wikipedia<sup>2</sup>. Ýmsum orðum sem snúa að víkingabogfimi hefur einnig verið bætt við. En töluverður áhugi er á slíku hér á landi þó svo að fram til þess að hafi það ekki verið stundað innan vébanda ÍSÍ heldur í sérstöku áhugafélagi um víkingamenningu sem heitir Rimmugýgur<sup>3</sup>. Bogfimi er það ævaforð íþrótt að rétt þykir að sækja þann orðaforða sem til er um boga í íðorðasafnið þó svo að öll orðin séu ekki notuð í bogfimiíþróttum í dag.

Drögin að íðorðasafninu mun verða send aðildarfélögum sambandsins til umsagnar auk þess sem þau verða birt á vefsíðunni archery.is þar sem öllum í bogfimisamfélaginu á Íslandi verður gefin kostur á að koma með tillögur að lagfæringum eða viðbótum. Auk þess munu hugsanlega koma tillögur um lagfæringar á íðorðasafninu frá ÍSÍ ef samræma þarf einhver orð sem notuð eru í bogfimi við orðanotkun í öðrum íþróttagreinum.

Tillögur um lagfæringar, viðbætur eða aðrar ábendingar eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið ábendingar til [albertolafsson@yahoo.com](mailto:albertolafsson@yahoo.com)

Þegar tekið hefur verið tillit til ábendinga þá verður íðorðasafnið lagt fyrir bogfimiþing og vonandi í framhaldi af því gefið formlega út.

Stjórn

Bogfimisambands Íslands

<sup>1</sup> <http://www.soarvalleyarchers.com/glossary-of-archery-terms/>

<sup>2</sup> [https://en.wikipedia.org/wiki/Glossary\\_of\\_archery\\_terms](https://en.wikipedia.org/wiki/Glossary_of_archery_terms)

<sup>3</sup> <http://rimmugygur.is/>

## ÍÐORÐASAFNIÐ RAÐAÐ EFTIR ENSKUM ORÐUM

Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Festu punktur	Anchor point	Viðmiðunarstaður á andlitinu sem notaður er til þess að ná að miða betur með boganum.
Armhlíf	Arm-guard, Bracer	Vörn sem sett er á þá hendi sem heldur á boganum (bogahendina) til þess að verjast meiðslum ef strengurinn slæst óvart í hendina. Hlífin er oftast gerð úr plasti, málm eða leðri.
Ör	Arrow	Prikið sem skotið er af boganum.
Örva sleipiefni	Arrow lubricant	Smurt á framenda örva til þess að gera það auðveldara að draga þær úr skotmarkinu.
Örvavefja	Arrow wraps	Límmiði sem vafið er utan um aftasta hluta örvarinnar sem fjaðrirnar eru límdar á.
Bakspennu sleppir	Back tension release	Tegund strengsleppibúnaðar fyrir trissuboga
Ófjöðruð ör	Bare shaft	Ör án fjaðra, fana eða skrúfublaða.
Berbogi	Barebow	Bogi sem ekki hefur sigti eða neinn annan þann búnað til þess að aðstoða við miðun.
Bogapressa	Bow press	Verkfæri sem notað er til viðgerðar og stillinga á trissubogum.
Dragþyngdarvog	Bow-scale	Verkfæri sem notað er til þess að mæla dragþyngd boga.
Bogastrengjari	Bow stringer	Verkfæri sem notað er til þess að strengja bogastreng á boga.
T stika / strenghæðar-mælir	Bow-square	Verkfæri sem notað er til þess að mæla hæð bogastrengs frá gripi bogans og hvar staðsetja eigi örina á bogastrenginn
Bogasmíður	Bowyer	Sá sem smíðar boga eða bogagerðarmaður.
Streng hæð	Brace Height	Fjarlægð milli örvar á bogastreng að veltipunkti á gripi (eða þrýstihnappi) þegar bogi er óuppdreginn.
Veiðioddur	Broadhead	Örvaroddur sem notaður er til veiða. Oftast V-laga með tveimur eða fleiri skurðarblöðum.
Skotmark	Butt, Boss	Efnið sem er á bakvið pappírs skotskífuna sem örin stoppar í. Oftast gerð úr svampefnum úr plasti eða stráum.
Hnappur	Button, Berger Button, Plunger CushinPlunger, Pressure point	Hnappur sem inniheldur gorm. Nýttur til þess að dempa hliðarkrafta örvar þegar henni er skotið.
Trissa	Cam	Hjól á endum bogaarma trissuboga.
Hanafjöður	Cock feather	Þegar ör er fest á réttan hátt á bogastreng þá á hanafjöðurinn að vera lágrétt og vísa frá sveigboga. Á trissuboga á hanafjöðurinn að vísa beint upp. Hanafjöðurinn er oft auðkennd með öðrum lit heldur en aðrar fjaðrir á örvum í því skyni að auðkenna hana.
Brjósthlíf	Chest-guard	Hlíðarfatnaður sem notaður er til þess að koma í veg fyrir að bogastrengur flækist í fatnaði.

Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Dragfjöldur	Clicker	Málm eða plast hlutur sem gefur frá sér hljóð þegar boginn hefur verið dregin upp til fulls og dragfjöldurinn dettur fram af oddi örvarinnar.
Strengskrið	Creep	Óafturkræf tognun á streng sem er ólík teygju sem gengur til baka.
Trissubogi	Compound Bow	Bogi með trissur og auka strengi sem hafa þann tilgang að auka dragþunga bogans án þess að bogamaður þurfi að halda á allri þyngdinni þegar boginn er full uppdraginn.
D-reipi eða band (ekki til íslensk útgáfa sem er notuð regluleg er ennþá bara d-loop) D-lykkja	D-loop	Lykkja sem fest er á bogastreng og er notuð til þess að krækja sleppibúnaði eða togurum í til þess að draga upp bogann.
Dempari	Damper	Búnaður sem settur er á boga til þess að minnka titring í boganum eftir að ör hefur verið skotið.
Drag/Draga	Draw	Að spenna upp boga.
Draglengd	Draw length	Lengdin á milli örvavör á bogastreng og veltipunkts á gripi bogans þegar bogi er fulluppdraginn.
Dragþyngd	Draw-weight	Sú þyngd sem bogamaður þarf að halda þegar bogi er fullspenntur.
Ekki til ísl.orð Tillaga að nýyrði: Vindör (sbr. Vindhögg) eða luft ör (sbr. Luft gítar)	Dry fire	Þegar boga er skotið án þess að ör sé á bogastrengnum. Þetta ætti aldrei að gera því að þetta getur valdið skemmdum á boganum og/eða meiðslum á bogamanninum.
Lota	End	Ákveðnum fjölda örva sem skotið er (venjulega 3 eða 6) á milli þess sem stig eru talin.
Skotskífa/skífa	Face	Skotskífur eru pappírslöð með áprentuðum mörkum sem skotið er á.
Víðavangs- bogfimi	Field Archery	Bogfimi sem stunduð er í ójöfnu og jafnvel skóglendu landslagi.
Finnbogi	Finno-Ugric bow	Bogi sem mikið var notaður af Sömum í Finnlandi og víðar á Norðurlöndum á víkingatímanum og fyrr. Er samsettur úr tveimur eða fleiri viðartegundum oft úr furu og birki. <a href="http://northernwildernessskills.blogspot.com/2010/10/finno-ugric-bow.html">http://northernwildernessskills.blogspot.com/2010/10/finno-ugric-bow.html</a>
Sporðaköst / Ekkert sérstakt orð bara hún sveiflast til hliðar.	Fishtailing	Ör sem hreyfist til beggja hliða þegar hún er á flugi.

Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Alþjóða-bogfimi-sambandið	WorldArchery	World Archery Federation (worldarchery.org)
Fjaðrir	Fletching	Fjaðrir er stöðugleikabúnaður sem settur er aftarlega á örvar. Einungis er notaðar hluti af fuglsfjöður á örvar. Fuglsfjaðrir samanstanda af fönum og mætti kannski nýta það heiti. En fanir hljómar ekki ólíkt vanes þannig að það er kostur.
Fjöðrunar-standur	Fletching Jig	Verkfæri sem notað er til þess að halda ör og fjöðrum á réttum stað á meðan fjaðrirnar eru límdar á og límið er að þorna.
Vegalengda bogfimi	Flight Shooting	Bogfimi sem gengur út á það að skjóta ör sem lengsta vegalengd. Í þessu sambandi mætti minna á að þessi aðferð er forn mælieining og í því sambandi mætti vísa til mælieiningarinnar ördrag sem nefnd er í Grágás – lagasafni íslenska þjóðveldisins.
Full skífustærð	Full face	Skotskífa sem hefur öll stigagildi frá 1 til 10.
Framþungi örva	F.O.C.	Hvar jafnvægispunkturinn er staðsettur á örinni. Front of centre (F.O.C.).
Ekkert íslenskt orð enska orðið notað	Gap shooting	Þegar ekki er miðað er í miðju skotskífunnar sem ætlunin er að hitta heldur t.d. til hliðar. Algeng tækni þegar skotið er t.d. í vindi utandyra. Þannig er reiknað að vindurinn muni hafa áhrif á flug örvarinnar.
Gult	Gold	Miðjan á skotmörkum er oftast auðkennd með gulum lit.
Hópur / Grúppa	Group	Þegar mörgum örvum er skotið þétt saman á skotmarki.
Strengfestu-punktur Tölum yfirleitt um kyssir.	Kisser Button	Lítið plaststykki sem fest er á bogastreng sem notað er sem festi punktur við andlitið s.s. munn eða nef þegar bogi er dreginn upp til fulls.
Grip	Grip	Sá staður á boganum þar sem bogamaður grípur um þegar hann ætlar að skjóta af boganum. Grip eru oftast gerð úr plasti eða viði.
Þömb	Gut bow string	Áður fyrr voru bogastrengir oft gerðir út þurrkuðum dýragörnum. Slíkir strengir voru kallaðir þömb. Orð þetta kemur fram í Heimskringlu sem viðurnefni samanber Einar þambaskelfir. Þetta orð enn þá notað í Færeysku og heitir bogfimifélag þar í landi Tambar.
Hólmgarðsbogi (víkingabogi)	Holmegaard bows	Tegund víkingaboga. Fannst í fornleifauppgreiftri í Holmegaard í Danmörku. Elsti bogi sem fundist hefur í heiminum. <a href="https://en.wikipedia.org/wiki/Holmegaard_bow">https://en.wikipedia.org/wiki/Holmegaard_bow</a>
Húnbogi, Hornbogi, hestabogi	Horn bow, horse bow	Samheiti fyrir ýmsa boga svipaðra gerðar sem eiga það sameiginlegt að armarnir voru gerðir úr dýrahornum s.s. eins og bogar Húna sem þeir beittu af mikilli leikni á hestbaki. Margir Asískir bogar falla í þennan flokk boga.

Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Veiðibogi	Hunting bow	Bogi sem hannaður er til veiða en ekki til notkunar í markbogfimi. Oft tiltölulega stuttir bogar sem eru meðfærilegir í skóglendi með jafnvel meiri dragþyngd en leyfileg er í markbogfimi.
Ómeðvituð skottækni	Instinctive shooting	Skottækni sem byggir á ómeðvitaðri tækni og þjálfun frekar en að nota ákveðna meðvitaða miðunartækni. Þegar þessi tækni er notuð horfir bogamaður á markið og skýtur boganum án þess að miða með meðvituðum hætti. Ekki ósvipað því og að kasta bolta í mark.
Bogaarmur	Limb	Þeir hlutar bogans sem eru fyrir ofan og neðan bogmiðjuna sem geta geymt orkuna sem notuð er til þess að skjóta örinni.
Lóðlínumælir	(Beiter) Limbs Line Gauge	Verkfæri sem notað er til þess að mæla hvort strengur sveigboga sé fyrir miðju bogans.
Langbogi	Longbow	Stór bogi sem gerður úr einum trjából. Blómaskeið langbogans var á Englandi frá þrettánda öld til sautjándu aldar.
Lykkja	Loop	Lykkjur á endum bogastrengja sem notaðar eru til þess að festa hann við bogaarmanna.
Ekki til ísl. orð kallað "Örva nokk" Tillaga að nýyrði: strengald	Nock	Sá hlutur á afturenda örvarinnar sem snertir bogastrenginn.
Ekki til ísl.orð talað um "Streng nokk" Tillaga að nýyrði: Örvör (sbr. Bátavör)	Nocking Point	Hnútar eða önnur merki á bogastreng sem sýna hvar staðsetja eigi örina á strenginn.
Tillaga að nýyrði: Yfirbogaður (sbr. Yfirbugaður)	Over-bowed	Bogamaður sem er með boga sem hann ræður ekki almennilega við vegna þess að dragþyngd bogans er of mikil.
Yfirdrag	Overdraw	Búnaður sem gerir bogamanni mögulegt að skjóta örvum sem eru styttri en hæfir hans eðlilegu draglengd.
Þverstæða (þverstæða bogamanna). Aftur talað um sveigju erum ekki með fast orð á íslensku	Paradox (archer's paradox)	Leiðin sem örinn fer fram hjá örvamiðju þegar henni er skotið.
Hámarks dragþyngd	Peak draw-weight	Hámarks þyngd sem bogamaður heldur þegar hann dregur upp boga.
Strengauga	Peep sight	Plast stykki á streng trissuboga sem miðað er í gegnum.
Velti punktur	Pivot-point	Sá hluti gripsins á boganum sem lengst er frá bogastrengnum.
Örvaroddur	Point, Pile, Nib	Málmstykki sem sett er á framenda örvar.

Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Aftur talað um sveigju erum ekki með fast orð fyrir þetta hugtak	Porpoising	Ör sem hreyfist upp og niður þegar hún er á flugi.
Örvadragari	Puller	Hlutur úr gúmi sem notaður er til þess að bogamaður geti náð betra gripi á örinni þegar draga þarf ör úr stífu skotmarki þar sem örin situr þéttingsfast.
Sveigbogi	Recurve Bow	Bogi sem er með arma sem sveigjast frá bogamanni. Einkennast af því að bogastrengur snertir armanna fyrir neðan lykkjuna á bogastrengnum.
Örvamælir	Quiver	Ílát sem fest er á belti bogamanns eða stendur á jörðinni og notað er til þess að geyma örvar og aukahluti sem bogamaður þarf að hafa við höndina.
Sleppir, gikkur	Release	Sleppibúnaður, eða togarar fyrir trissuboga
Tregðu / spennu sleppir (en almennt talað um það sem resistance)	Resistance release	Tegund streng sleppibúnaðar fyrir trissuboga.
Örvasæti	Rest	Vír eða plast stykki sem fest er við bogann og örin situr á þegar boginn er dreginn upp.
Bogmiðja	Riser	Miðhlutinn á sveigboga. Sá hluti sem bogamaður heldur í þegar hann skýtur af boganum.
Miðið	Scope	Búnaður sem festur er á sigti bogans sem bogamaður notar til þess að miða með.
Vafningspráður	Serving	Strengur sem vafinn er utan um bogastreng í þeim tilgangi að minnka slitid á honum.
Örvaskaft	Shaft	Stærsti hluti örvarinnar.
Sigti	Sight	Búnaður sem festur er á boga til þess að auðvelda bogamanni að miða boganum.
Sigtispinni	Sight pin	
Bogafetill	Sling	Armband sem fest er við bogann sem ætlað er að koma í veg fyrir að bogamaður missi bogann í gólfið þegar af honum er skotið og laust er haldið utan um bogann.
Stífleiki	Spine	Örvasköft eru mis sveigjanleg. Þessi eiginleiki örva skiptir miklu máli um flughæfni þeirra þar sem hann þarf að hæfa draglengd og dragþyngd viðkomandi boga. Stífleiki örva segir því til um hversu sveigjanlegar þær eru.
Jafnvægis-stöng	Stabiliser	Stengur með lóð á endanum sem fest er á boga í þeim tilgangi að minnka óæskilegan vinding og titring til þess að ná meiri stöðugleika.

Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Streng labb? (við notum ekkert sérstakt orð í íslensku, bara berbogar labba upp og niður strenginn til að miða)	String Walking	Miðunartækni sem oft er notuð þegar skjótið er af berboga. Tæknin fellst í því að færa fingurnar upp og niður bogastrenginn eftir því hversu löng fjarlægði er að skotmarkinu.
Strengjari	Stringer	Búnaður sem notaður er til þess að beygja arma boga til þess að hægt sé að streng á hann.
Fingurhlíf	Tab	Hlíf sem ver fingurna sem notaðir eru til þess að toga í bogastrenginn verði fyrir óþægindum eða meiðslum.
Markbogfimi (oftast bara kallað bogfimi)	Target Archery	Skotið er á skotskífur á fast ákveðnum vegalengdum.
Markmæða (nýyrði ekkert íslenskt orð notað í dag bara notað slangur "target panic")	Target Panic, Gold shyness, Gold fever	Markmæða eru ósjálfráð viðbrögð sem hafa slæm áhrif á getu bogamanns til þess að hitta markið.
Þumalhringur	Thumb ring	Þegar þumalfingur er notaður til þess að draga upp boga þá er þumalhringur notaður til þess að verja það að strengurinn meiði þumalfingurinn.
Áhugamaður um bogfimi eða bogamaður	Toxophilite	Þetta orð er ættað úr forgrísku og merkir maður sem er áhugasamur um bogfimi.
Ekkert íslenskt orð til enn þá, köllum það "tiller" eða mismun á milli efri og neðri arms.	Tiller	Mælikvarði á mismun á halla efri og neðri bogaarma. Þegar skotið er af sveigboga þá grípa fingurnir ekki í miðju bogastrengsins. Til þess að bæta upp fyrir þetta frávik er hafður örlítil mismunur á halla efri og neðri bogaarms.
Gikkur/Sleppir	Trigger release	Tegund streng sleppibúnaðar fyrir trissuboga.
Þreföld skotskífa	Triple face	Skotskífa með þremur skotmörkum á oftast eru þeir 40 cm í þvermál.
Stilling	Tuning	Stillingar á boga og örvum sem gerðar eru í þeim tilgangi að gera búnaðinn sem nákvæmastan og að mistök valdi sem minnstum áhrifum á skotið.
Undirbogaður	Under-bowed	Bogamaður sem er með boga sem er með of litla dragþyngd fyrir viðkomandi.
Plast fjaðrir	Vane	Sjá skýringu á fjöðrum. Á ensku er gerður greinarmunur fjöðrum sem gerðar eru úr fuglafjöðrum (feathers) og plast fjöðrum (vanes) sem hægt væri að kalla skrufublöð eða örvavængi. Hér á landi er venja að kalla bæði feathers og vanes fjaðrir.



Íslenskt orð	Ensk orð	Skýring
Ýviður	Yew	Besta viðartegundin til bogagerðar áður en gerviefni komu til sögunnar. Notað í samsettum orðum eins og Ýviðarbogi.
Únliðssleppir	Wrist release	Tegund streng sleppibúnaðar fyrir trissuboga.
Örvagluggi	Window	Inndregið svæði fyrir ofan gripið á boganum þannig að hægt sé að skjóta örinni þannig að strengurinn sé beint fyrir aftan örina í skotstefnu hennar.
3D bogfimi	3D Archery	Skotið er á líkön af dýrum í stað þess að skjóta á pappírsskotskífur. Þannig svipar þessi tegund bogfimi til bogveiða.